

Fundargerð

33. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn þriðjudaginn 8. mars 2013 kl. 13:30 í Hofi, Borgartúni 12 - 14.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Gunnarsson

Seltjarnarnesbær.

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson og Sigurbjörn Hjaltason

Ennfremur sátu fundinn Haraldur Sigurðsson á skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði. Páll lagði til þá dagskrár breytingu að bréf Reykjavíkur um endurkynningu á verklýsingu yrði lagt fram.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin lögð fram.

2. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - endurkynning á verklýsingu.

Bréf Reykjavíkurborgar um endurkynningu á verklýsingu lagt fram.

3. Svæðisskipulagsbreyting - vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur.

Hrafnkell kynnti umsögn fagráðs og þær breytingar sem orðið hafa á tillögunni frá því að hún snerti einungis Reykjavík.

Umræður:

Fulltrúar Mosfellsbæjar bentu á að það gætu komið fram ábendingar frá Mosfellsbæ vegna fyrirhugaðrar iðnaðaruppbyggingar við Álfsnes.

Niðurstaða:

Samþykkt að vísa breytingartillögum ásamt umhverfisskýrslu, til umsagnar og kynningar, sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Að svo stöddu er settur fyrirvari við tillögu að breytingu á texta greinargerðar svæðisskipulagsins er varðar sorpförgun og gasgerð í Álfsnesi. Vinnuhópur Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar vinnur nú að mati og samanburði á staðarvalkostum fyrir gasgerðarstöð. Endanlegur texti í greinargerð verður uppfærður í samræmi við niðurstöður vinnuhópsins, áður en tillagan verður kynnt á opnum fundi.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

- 4. Erindi Garðabæjar er varðar samræmi aðalskipulagsbreytingar við svæðisskipulagið**
Garðabær óskar eftir álitum að samræmi aðalskipulagsbreytingar í Heiðmörk við svæðisskipulagið.

Niðurstaða:

Breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar sem varða að heiðmörkin verði skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota séu í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 m.s.br.

- 5. Erindi Skógræktarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er varðar græna trefilinn**
Bréf skógræktarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lagt fram um stækkun græna trefilsins og vísað til heildarendurskoðunar svæðisskipulagsins.
- 6. Önnur mál.**
Rætt um hvort breyta ætti fundartíma þannig að fundir væru almennt í hádeginu. Meiri hluti fundarmann vildi halda fundartíma óbreyttum. Lagt var til að skoðað yrði hvort ekki væri unnt að festa ákveðin föstudag í mánuði undir fundi svæðisskipulagsnefndar. Páll og Hrafnkell munu skoða það.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.